

# Lögmannaþlaðið

ÚTGEFIÐ AF LÖGMANNAFÉLAGI ÍSLANDS

3. TBL. 27. ÁRG. 2021





- |  |  |  |
|--|--|--|
| <p>4 SIGURÐUR ÖRN HILMARSSON<br/>Lögmenn sem þátttakendur í<br/>opinberri umræðu</p> <p>6 EYRÚN INGADÓTTIR<br/>Frá ritstjórn</p> <p>8 INGI B. POULSEN<br/>I. Réttarfar – aðild<br/>umhverfissamtaka að<br/>dómsmálum og endurupptaka<br/>dæmdra mála</p> <p>11 HRAFNHILDUR SÆBERG<br/>ÞORSTEINSDÓTTIR<br/>II. Peningaþvætti og alþjóðleg<br/>regluvarsla</p> | <p>13 HILDUR ÞÓRARINSDÓTTIR<br/>III. Örmálstofur</p> <p>16 „Street-food“ stemning á<br/>Lagadegi</p> <p>18 ÞYRÍ STEINGRÍMSDÓTTIR<br/>IV. Flutningur mála fyrir dómi</p> <p>20 SELMA HAFLIÐADÓTTIR<br/>V. Félagaréttur og<br/>verðbréfamarkaðsréttur</p> <p>23 ARI KARLSSON<br/>VI. Stjórnsýsluréttur</p> | <p>26 EYRÚN INGADÓTTIR<br/>Meistaramót LMFÍ í golfi 2021</p> <p>28 ANNA LILJA HALLGRÍMSDÓTTIR<br/>Áminning vegna umfjöllunar um<br/>viðkvæmar persónuupplýsingar á<br/>opinberum vettvangi</p> <p>30 VIÐTAL VIÐ HRAFNHILDI<br/>STEFÁNSDÓTTUR<br/>Mikil tarnavinna að vera í<br/>kjaraviðræðum</p> <p>33 MARGRÉT GUNNLAUGSDÓTTIR OG<br/>EYRÚN INGADÓTTIR<br/>Gersamarnar Grænihryggur</p> |
|--|--|--|

**Lögmannafélag Íslands**  
Álftamýri 9, 108 Reykjavík  
Netfang: [lmfi@lmfi.is](mailto:lmfi@lmfi.is)  
Heimasíða: [www.lmfi.is](http://www.lmfi.is)

**Ritstjóri og ábyrgðarmaður**  
Ari Karlsson lögmaður  
Netfang: [ari@img.is](mailto:ari@img.is)

**Aðstoðarritstjóri**  
Eyrún Ingadóttir

**Ritnefnd**  
Arnar Vilhjálmur Arnarsson lögmaður  
Hildur Þórarinsdóttir lögmaður  
Ingi B. Poulsen lögmaður  
Unnur Lilja Hermannsdóttir lögmaður

**Stjórn LMFÍ**  
Sigurður Örn Hilmarsson lögmaður  
Kristín Edwald lögmaður  
Eva Bryndís Helgadóttir lögmaður  
Birna Hlín Káradóttir lögmaður  
Geir Gestsson lögmaður

**Varastjórn LMFÍ**  
Eva Halldórsdóttir lögmaður  
Tómas Eiríksson lögmaður  
Áslaug Björgvindóttir lögmaður

**Starfsmenn LMFÍ**  
Ingimar Ingason framkvæmdastjóri  
Eyrún Ingadóttir skrifstofustjóri  
Anna Lilja Hallgrímsdóttir lögfræðingur  
Dóra Berglind Torfadóttir bókarari og ritari

**Forsíðumyndir**  
Efri mynd til vinstri: Vaðið yfir Jökulgilskvísl í  
Grænahryggsgöngu. Efri mynd til hægri: Stund  
milli málstofa á Lagadegi: f.v. Hulda María  
Stefánsdóttir, Þyri Steingrimsdóttir og Margrét  
Gunnlaugsdóttir. Neðri mynd til vinstri:  
Gömlu skólafélagarnir Ragnar Aðalsteinsson  
og Jónas A. Aðalsteinsson hittust á Lagadegi  
en um þessar mundir hafa þeir starfað sem  
lögmenn í 59 ár. Neðri mynd til hægri er af  
raunum óþekktu golfarans.

PRENTVINNSLA  
Litlaprent ehf.


UMSJÓN AUGLÝSINGA  
Óflun ehf., sími: 530 0800  
ISSN 1670-2689

Auðvelt  
Öruggt  
Þægilegt

Nafn  
Númer kassa  
Innihald  
Geymslutími



2035090



## Við varðveitum gögnin þín

- Þú hringir í 587 9800 eða sendir okkur tölvupóst
- Við komum með tóma kassa og strikamerki
- Þú skráir gögnin, setur í kassana, límir strikamerkin á og lætur okkur vita
- Við komum og förum með kassana í örugga geymslu þar sem þú hefur alltaf aðgang að þeim
- Við þösum gögnin í vöktuðu rými við bestu aðstæður þangað til þú vilt fá þau aftur, skoða þau eða taka til þín



**Einfalt ekki satt**



**GAGNAGEYMSLAN**

Gagnageymslan ehf. · Smiðshöfða 1, 110 Reykjavík · 587 9800  
www.gagnageymslan.is · gagnageymslan@gagnageymslan.is

# LÖGMENN SEM ÞÁTTAKENDUR Í OPINBERRI UMRÆÐU

SIGURÐUR ÖRN HILMARSSON LÖGMAÐUR  
FORMAÐUR



Lögmenn eru þátttakendur í samfélaginu og gegna þar margvíslegum skyldum. Þó að frumskylda lögmansins sé gagnvart skjólstæðingum sínum ber hann einnig skyldur gagnvart réttarkerfinu þar sem hann starfar. Þannig er sjálfstæði og óhæði lögmansins forsenda þess að hann geti rækt starfann. Um þetta er fjallað í grundvallargildum evrópsku lögmannasamtakanna (CCBE), en þar segir m.a.:

*„A lawyer needs to be free - politically, economically and intellectually - in pursuing his or her activities of advising and representing the client. This means that the lawyer must be independent of the state and other powerful interests, and must not allow his or her independence to be compromised by improper pressure from business associates. The lawyer must also remain independent of his or her own client if the lawyer is to enjoy the trust of third parties and the courts. Indeed without this independence from the client there can be no guarantee of the quality of the lawyer's work.“*

Nánar greinir í gr. 1.1. siðareglna CCBE:

*„In a society founded on respect for the rule of law the lawyer fulfils a special role. The lawyer's duties do not begin and end with the faithful performance of what he or she is instructed to do so far as the law permits. A lawyer must serve the interests of justice as well as those whose rights and liberties he or she is trusted to assert and defend and it is the lawyer's duty not only to plead the client's cause but to be the client's adviser. Respect for the lawyer's professional function is an essential condition for the rule of law and democracy in society.“*

Hvað sem veldur virðist umræðan um vandasömustu mál samfélags okkar verða ýktari og óheflaðri með árunum auk þess sem tilhneigingin til að skipa sér í andstæðar fylkingar virðist fara vaxandi. Oft lýtur þessi umræða að lögfræðilegum viðfangsefnum lögmanna, eins og greinilegt

hefur verið að undanfögnu í tengslum við kynferðislega áreitni, kynferðisbrot og meðferð þessara mála innan réttarvörslukerfisins og víðar.

Það er eðlilegt og í flestum tilfellum gagnlegt að lögmenn taki þátt í skoðanaskiptum og geti þannig deilt sinni sérþekkingu og reynslu. Sem fyrr skiptir hins vegar máli hvernig staðið er að slíku. Við eigum að taka hlutverki okkar alvarlega og rísa undir því trausti sem lögmennastéttinni hefur verið sýnd. Leiðbeiningar um hvernig skuli staðið að slíkri tjáningu má m.a. finna í samþykkt Sameinuðu þjóðanna frá 1990 um grundvallarhlutverk lögmanna, en þar segir í 23. gr.:

*„Lawyers like other citizens are entitled to freedom of expression, belief, association and assembly. In particular, they shall have the right to take part in public discussion of matters concerning the law, the administration of justice and the promotion and protection of human rights and to join or form local, national or international organizations and attend their meetings, without suffering professional restrictions by reason of their lawful action or their membership in a lawful organization. In exercising these rights, lawyers shall always conduct themselves in accordance with the law and the recognized standards and ethics of the legal profession.“*

Eins og leiða má af þessu, og 1.-2. gr. siðareglna LMFÍ, skiptir máli að lögmenn nýti sér tjáningarfrelsi sitt, setji fram gagnrýni sína og skoðanir, en gæti þess að tjáningin samræmist þeim siðareglum sem gilda um störf okkar. Sé ógætilega farið er hætt við því að við gengisfellum hlutverk okkar, að fólk missi trúna á þeim stofnunum samfélagsins sem við störfum innan og getu þeirra til að leysa úr verkefnum sem þeim er falið.



1 SYSTEMS  
**OneRecords**  
Mála- og skjalakerfi

**ÖFLUGT**  
mála- og skjalakerfi  
sem hentar vel fyrir  
**LÖGMANNSSTOFUR**

- » Heldur öfluga málaskrá - gott yfirlit.
- » Málaskrá, 'Mín mál' og tímamörk mála.
- » Mitt One: Síðustu skjöl sem ég hef lesið, breytt eða skráð.
- » 10 síðustu vistunarstaðir (mál) þar sem ég hef vistað skjöl.
- » Öflug leitarvél. - Leitar í innihaldi skjala, og viðhengjum.
- » Vista Outlook tölvupósta inn á mál.
- » Öflug samhæfing við Microsoft Office, Word, Excel og Outlook.
- » Hægt að flytja inn mörg skjöl í einni aðgerð inn á mál.
- » Hægt að flytja öll skjöl úr einni möppu inn á mál með einni aðgerð.



**Meðal viðskiptamanna:**

Logos lögmenn, Patice lögmenn,  
Draupnir lögmenn, Jónatansson  
lögmenn



1 SYSTEMS  
**OneDrag&Drop**  
Draga og sleppa

Draga tölvupóst yfir í  
málakerfið á rétt mál með  
einni aðgerð.  
Draga skjöl á sameiginlega  
drifinu yfir í málakerfið  
með einni aðgerð.



OneHýsing: ISO vottað umhverfi.  
Dagleg afritunartaka gagna.



Hægt að fá iPad lesaðgang.  
(spjaldröglvulesaðgangur að kerfinu)

One býður hagkvæmar lausnir  
með áherslu á rekjanleika, auðveldan aðgang og gagnsæi.

# SAGA OG SAMTÍÐ



EYRÚN INGADÓTTIR  
AÐSTOÐARRITSTJÓRI

Þann 27. nóvember 1911 héldu málafærslumennirnir Eggert Claessen og Sveinn Björnsson fund á Hótel Reykjavík þar sem málafærslumenn, embættislausir lögfræðingar og Einar Arnórsson prófessor mættu til að ræða stofnun Málflutningsmannafélags Íslands. Fundi var síðan fram haldið 11. desember sama ár sem síðan hefur verið talinn afmælisdagur félagsins.

Ein af ástæðum stofnunar Málflutningsmannafélagsins, sem síðar breyttist í Lögmannafélag Íslands, voru erfið samskipti milli málflutningsmanna en orðbragðið sem notað var í sóknar- og varnarskjölum var oft á tíðum persónulegar meiðingar, háð og hótmyndni. Lítilfjörlegir formgallar voru notaðir til þess að fá málum vísað frá dómi, mótmæli gegn umboði sjálfsögð og ekki þótti ástæða til að mæta nokkrum rétti án stefnu og fyllsta stefnufrests. Mun almenningur jafnvel hafa talið mál ekki sómasamlega flutt nema málflutningsmennirnir væru sektaðir fyrir meiðyrði. Úr þessu bætti stofnun félagsins er málafærslumenn fóru að hittast á félagsfundum og ræða saman í bróðerni. Í desember næstkomandi eru 110 ár liðin frá stofnun Lögmannafélagsins sem leggur enn upp úr því að standa fyrir viðburðum þar sem lögmenn geta kynnst undir öðrum kringumstæðum en sem fulltrúar andstæðra sjónarmiða fyrir dómi. Lagadagurinn, gönguferð á Grænahrygg og

golfmót félagsins, sem segir frá í þessu tölublaði, eru einmitt slíkir viðburðir.

Að þessu sinni er Lögmannablaðið að mestu helgað Lagadeginum sem var haldinn í þrettánda skipti 10. september síðastliðinn. Frá því dagurinn var haldinn í fyrsta skipti árið 2008 hefur hann verið stærsti viðburður ársins í lögfræðingasamfélaginu en auk Lögmannafélagsins standa Lögfræðingafélag Íslands og Dómarafélag Íslands að honum. Á síðasta ári féll dagurinn niður og nú var í fyrsta sinn boðið upp á að hlusta á málstofurnar í fjarfundi sem þriðjungur þátttakenda þáði. Ástæðan fyrir því að það hefur ekki verið gert áður er sú að forsvarsmenn hafa litið svo á að það sé ekki síður mikilvægt fyrir lögfræðinga landsins að hittast í raunheimum en að hlusta á áhugaverð erindi. Aðsóknin að fjarfundi sýnir hins vegar að mikilvægt er að bjóða upp á hann hér eftir. Þeir sem ekki náðu að sitja málstofur Lagadags að þessu sinni geta nú lesið um þær. Vonandi verður síðan hægt að halda verðuga kvöldskemmtun að loknum Lagadegi á næsta ári.



## NÝ RÉTTINDI FYRIR LANDSRÉTTI

### Eiríkur Guðlaugsson

Lögmál, Skólavörðustígur 12, 101 Reykjavík, sími: 511-2000

## NÝ RÉTTINDI FYRIR HÉRAÐSDÓMSTÓLUM

### Áslaug Benediktsdóttir

MAGNA lögmenn, Höfðabakka 9, 110 Reykjavík, sími: 571-5400

### Svavar Daðason

Lögmannsstofan Valdimarsson, Hlíðasmára 2, 201 Kópavogi, sími: 517-3100

### Salka Sól Styrmsdóttir

Landslög, Borgartúni 26, 105 Reykjavík, sími: 520-2900

### Sigurður Jakob Helgason

Lög og innheimta, Hallveigarstíg 1, 101 Reykjavík, sími: 416-4000

### Birkir Smári Guðmundsson

Lögfræðistofa Guðmundar B. Ólafssonar, Barónsstíg 21, 101 Reykjavík, sími: 511-1800

### Olga Margrét Kristínardóttir Cilia

Future404, Bolholti 8, 105 Reykjavík, sími: 869-0326

### Jóhannes Tómasson

Juris lögmannsstofa, Borgartúni 26, 105 Reykjavík, sími: 580-4400

## ENDURÚTEFIN RÉTTINDI

### Bjarni Þór Bjarnason

Advel lögmenn, Kalkofnsvegi 2, 101 Reykjavík, sími: 520-2050

### Ingunn Anna Hjaltadóttir

Íslandsbanki, Hagasmára 3, 201 Kópavogi, sími: 440-4000

### Eva Margrét Ævarsdóttir

LEX lögmannsstofa, Borgartúni 26, 105 Reykjavík, sími: 590-2600

## BREYTING Á VINNUSTAÐ

### Arnar Vilhjálmur Arnarsson

AVA legal, Lágmúli 7, 108 Reykjavík, sími: 516-4000

### Birna Ósk Bjarnadóttir

Lögmál, Skólavörðustíg 12, 101 Reykjavík, sími: 511-2000

### Dagmar Sigurðardóttir

Lagastoð, Lágmúla 7, 108 Reykjavík, sími: 516-4000

### Elva Ósk Wíium

Lagastoð, Lágmúla 7, 108 Reykjavík, sími: 516-4000

### Gunnhildur Sveinsdóttir

Sjóvá-Almennar tryggingar hf., Kringlunni 5, 103 Reykjavík, sími: 440-2000

### Anna Lilja Sigurðardóttir

Kennarasamband Íslands, Borgartúni 30, 105 Reykjavík, sími: 595-1111

### Heiða Björg Pálmadóttir

Heilbrigðisráðuneytið, Skógarhlíð 6, 105 Reykjavík, sími: 545-8700

### Eliás Kristjánsson

E-law lögmenn, Hafnargötu 91, 230 Reykjanesbæ, sími: 865-8270

## NÝTT HEIMILISFANG

### Ómar R. Valdimarsson

Lögmannsstofan Valdimarsson, Hlíðasmára 2, 2. hæð, 200 Kópavogi, sími: 861-3100

### Guðjón Ólafur Jónsson

Slysabætur ehf., Skólavörðustígur 12, 101 Reykjavík, sími: 588-0188



Ertu með allt á  
hreinu 2021?

Háaleitisbraut 58-60 • 108 Reykjavík • Sími: 553 1380



# I. RÉTTARFAR

## AÐILD UMHVERFISSAMTAKA AÐ DÓMSMÁLUM OG ENDURUPPTAKA DÆMDRA MÁLA



F.v. Arnaldur Hjartarson, Kristín Benediksdóttir og Aðalheiður Jóhannsdóttir.

Fyrstu málstofu lagadagsins var stýrt af Arnaldi Hjartarsyni héraðsdómara en í fyrri hluta var fjallað um aðild umhverfissamtaka að dómsmálum. Tvær framsögur voru haldnar um efnið, sú fyrri af dr. Aðalheiði Jóhannsdóttur, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, og hin síðari af Kristínu Benediksdóttur, dósent við sömu deild. Síðari hluti málstofunnar fjallaði um endurupptökur dómsmála þar sem Víðir Smári Petersen, lögmaður hjá Lex lögmannsstofu og dósent við lagadeild Háskóla Íslands, og Ragnar Halldór Hall, lögmaður hjá Mörkinni lögmannsstofu, fjölluðu um efnið út frá sjónarhorni einkamála annars vegar og sakamála hins vegar.

### Aðild umhverfissamtaka að dómsmálum

Kveikjan að þessum hluta málstofunnar var úrskurður Landsréttar frá 15. júní 2018 í máli nr. 418/2018, en með honum staðfesti rétturinn niðurstöðu Héraðsdóms Reykjavíkur um að vísa frá dómi máli Landverndar og Hollvína Hornafjarðar gegn Vegagerðinni og Sveitarfélaginu Hornafirði þar sem samtökin höfðu ekki sýnt fram á að þau ættu lögvarinna hagsmuna að gæta af úrlausn málsins. Niðurstaðan hefur vakið ýmsar áleitnar spurningar,

þ.m.t. um hvernig túlka beri tilteknar skuldbindingar Árósasamningsins, hvort þær hafi verið innleiddar í íslenskan rétt með réttum hætti og hvort val á svokallaðri stjórnásluleið komi í veg fyrir að umhverfisverndarsamtök geti leitað réttar síns fyrir dómstólum og látið reyna á ákvörðun stjórnvalda á grundvelli 60. gr. stjórnarskrárinnar.

Aðalheiður Jóhannsdóttir benti á að við gerð Árósasamningsins hafi markmiðið verið að tryggja réttindi fjálsra



félagasamtaka á sviði umhverfisverndar í alþjóðlegum samningi. Það hafi þótt nauðsynlegt þar sem slík félög vinni að vernd almannahagsmuna, og geti því aldrei átt einstaklingsbundinna hagsmuna að gæta, en sú staða falli illa að vestrænum réttarkerfum. Samningurinn er hluti af skuldbindingum að ESB/EES-rétti og var að hluta til innleiddur í íslenskan rétt með lögum nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Með því hafi hin svokallaða „stjórnsýsluleið“ verið valin sem felur í sér að umhverfisverndar-, útivistar- og hagsmunasamtök, með minnst 30 félögum, teljast eiga lögvarinna hagsmuna að gæta, að uppfylltum öðrum skilyrðum, og geta þannig látið reyna á tilgreind mál sem varða umhverfið fyrir úrskurðarnefndinni. Slíkum samtökum er hins vegar ekki játaður sambærilegur aðgangur að dómstólum sem er einsdæmi í samanburði við önnur lönd sem hafa innleitt Árósasamninginn. Aðalheiður telur að þeir aðilar sem stóðu að undirbúningi lagasetningarinnar hafi á grundvelli misskilnings talið að velja þyrftu á milli ólíkra leiða, þ.e. dómstólaleiðar eða stjórnsýsluleiðar, og hin síðarnefnda orðið ofan á. Á sama tíma sé ekki skylda í íslenskum rétti að aðilar tæmi kæruleið áður en farið er í dómsmál án sérstaks ákvæðis þar um. Því geti sú staða myndast, og hefur myndast, að aðili sem uppfyllir skilyrði um lögvarða hagsmuni, t.d. landeigandi eða handhafi leyfis, geti krafist ógildingar leyfis fyrir dómi en umhverfisverndarsamtök geti ekki orðið aðilar að viðkomandi dómsmáli heldur verði að beina máli til úrskurðarnefndarinnar. Rétturinn til þess að fá ákvörðun endurskoðaða hjá úrskurðarnefndinni kunni að verða óvirkur í millitíðinni, m.a. sökum þess að nefndin hafi frestað meðferð slíkra mála þar til niðurstaða dómsmáls liggur fyrir. Niðurstaða Aðalheiðar er að ljúka þurfi við innleiðingu sáttmálans til að tryggja þá hagsmuni sem samningurinn ávarpar með lögum án tillits til endurskoðunarleiðarinnar og að endurskoða þurfi fyrirkomulag úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála með því að setja ítarlegri málsmeðferðarreglur. Í því skyni verði að innleiða undantekningarákvæði gagnvart 30 félagsmanna skilyrðinu. Þá nefndi hún að nauðsynlegt væri að innleiða ákvæði um skyldu til að tæma kæruræðið áður en farið er í dómsmál til að tryggja jafnræði meðal aðila. Eins og staðan sé í dag sé eingöngu heimilt að endurskoða ákvarðanir sem falli á einum stað og það sé einsdæmi á Norðurlöndunum. Þá nefndi hún að endingu að fyrirkomulagið kynni að fela í sér brot á EES-rétti.

Kristín Benediktsdóttir setti umfjöllun Aðalheiðar í samhengi við dómaframkvæmd og fjallaði um þær meginreglur sem gilda um aðild að dómstólum og



réttinn til að fá stjórnvaldsákvarðanir endurskoðaðar fyrir dómi. Rakti Kristín þá dóma sem fallið hafa frá því dómur féll í fyrsta stefnumarkandi málinu sem reyndi á aðild umhverfisverndarsamtaka að málum fyrir dómi, sbr. mál Hæstaréttar nr. 231/2002 sem oft hefur verið nefnt Kárahjúkamálið hið fyrsta. Hún velti þeirri spurningu upp hvort samræmi væri á milli dóma Hæstaréttar innbyrðis og niðurstöðu Landsréttar í máli 418/2018 en í úrskurði Landsréttar kom meðal annars fram að aðild að dómsmáli sem höfðað væri um ákvörðun stjórnvalds á grundvelli laga nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála, færi eftir almennum reglum, meðal annars þeirri meginreglu einkamálaréttarfars að lögvarðir hagsmunir væru skilyrði aðildar að einkamáli. Að mati réttarins tókst ekki að sýna fram á slíka hagsmuni og ekki var talið nægja að umhverfisverndarsamtökin vísuðu til þess að hafa átt aðild að stjórnsýslumálinu á grundvelli sérstakrar lagaheimildar. Þá yrði aðild þeirra að dómsmálinu hvorki reist á 2. né 70. gr. stjórnarskrárinnar á meðan þeir hefðu ekki lögvarða hagsmuni af niðurstöðu málsins. Loks var það niðurstaða réttarins að umhverfisverndarsamtökin hefðu ekki sýnt fram á neina þá ágalla á málsmeðferð eða úrskurði úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála að ómerkingu varðaði. Velti Kristín upp þeirri spurningu hvort niðurstaðan væri í samræmi við dómafordæmi, sér í lagi dóm Hæstaréttar í máli 231/2002, hvort Landsréttur hefði í reynd tekið efnislega afstöðu til málsins og ef sú væri niðurstaðan hvort réttinum væri stætt að vísa frá slíku máli eða hvort ekki hefði verið réttara að sýkna í málinu. Þá benti Kristín á að það væri ákveðinn galli í réttarkerfinu að frávísun frá héraði sem væri staðfest í Landsrétti sæti ekki endurskoðun Hæstaréttar og ekki væri heldur hægt að fara fram á endurupptöku þar sem Endurupptökudómur tekur ekki fyrir úrskurði.



F.v. Arnaldur Hjartarson, Víðir Smári Petersen og Ragnar H. Hall.

### Endurupptaka dæmdra mála

Þeir Ragnar Halldór Hall og Víðir Smári Petersen fjölluðu í seinni hluta málstofunnar um endurupptöku dæmdra mála. Víðir fjallaði um um endurupptöku einkamála á meðan Ragnar einbeitti sér að sakamálanum. Víðir rakti forsögu þess að Endurupptökudómur hafi verið settur á stofn. Vísaði hann til þess að með því hafi verið brugðist við afgreiðslu Hæstaréttar á beiðnum um endurupptöku sem ekki hafi verið talin gagnsæ þar sem ákvarðanir voru ekki birtar opinberlega eins og dómar réttarins. Auk þess hafi verið óæskilegt að fá dómurum einum vald til að ákveða hvort dómsmál skyldu tekin upp að nýju, ekki síst dómurum við sama dómstól og lagt hafði endanlegan dóm á mál. Við gildistöku laga nr. 47/2020 hafi Endurupptökudómur verið stofnaður, að ákveðnu leyti að danskri fyrirmynd, og skilyrði til endurupptöku verið rýmkuð. Áður hafi þrjú skilyrði þurft að vera uppfyllt. 1. Að sterkar líkur væru leiddar að því að málsatvik hafi ekki verið leidd réttilega í ljós þegar málið var til meðferðar og aðilum yrði ekki kennt um það. 2. Að sterkar líkur væru leiddar fyrir því að ný gögn myndu verða til breyttrar niðurstöðu í mikilvægum atriðum. 3. Að önnur atvik mæltu með því að leyfið yrði veitt, þar á meðal að stórfelldir hagsmunir aðildar væru í húfi. Að sama skapi gat aðili aðeins sótt um endurupptöku máls einu sinni. Með nýju lögnum þurfi aðeins það almenna skilyrði að vera uppfyllt að atvik máls mæli með því að leyfi verði veitt, þar á meðal að stórfelldir hagsmunir aðilans séu í húfi og svo annað af tveimur skilyrðum. Annars vegar að sterkar líkur séu leiddar að því, með nýjum gögnum eða upplýsingum, að málsatvik hafi ekki verið leidd réttilega í ljós þegar málið var til meðferðar, og aðilanum verður ekki um það kennt, og að gögnin eða upplýsingarnar muni verða til breyttrar niðurstöðu í mikilvægum atriðum. Hins vegar að sterkar líkur séu leiddar að því að ný gögn, eða upplýsingar um

annað en málsatvik, muni leiða til breyttrar niðurstöðu í mikilvægum atriðum. Þá hefur einnig verið opnað fyrir þann möguleika að aðili geti sótt um oftari en einu sinni að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Víðir rakti hvernig lögskýringargögn tilgreindu að úrlausnir alþjóðlegra dómstóla á borð við Mannréttindadómstól Evrópu og EFTA-dómstólinn geti leitt til breyttrar niðurstöðu og þannig opnað fyrir endurupptöku mála. Í þeim tilvikum sé ekki um að ræða sjálfkrafa endurupptöku. Hann fór svo yfir sjónarmið um endurupptöku þegar máli hafi verið skotið til MDE og dómur hefur fallið málshefjanda í vil. Sá ágalli væri á að í málum fyrir dómstólum væru það ríkið og málshefjendur, sem væru aðilar að máli og gagnaðili í einkaréttarmáli, kæmu þar ekki við sögu. Málareksturinn væri einnig það tímafrekur að þeir hagsmunir sem væru undirliggjandi gætu hæglega liðið undir lok í millitíðinni og því væri endurupptaka þýðingarlaus. Nærri væri að kanna þann valkost að höfða skaðabótamál og rakti Víðir dóma og úrskurði í þessu tilliti. Að endingu nefndi Víðir mikilvægi þess að Endurupptökudómur hefði heimild að lögum til að fjalla um úrskurði sem fela í sér endanlega efnislega niðurstöðu mála. Til að svo megi verði þurfi þó að gera breytingar á lögum.

Ragnar fór yfir þau álitæfni sem komið hafa upp og fyrirsjáanlegt sé að muni koma upp í náinni framtíð í kjölfar lagabreytinganna. Nefndi hann sérstaklega 13. gr. laga um mannréttindasáttmála Evrópu sem kveður á um réttinn til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns. Velti hann upp þeirri spurningu hvort það eitt að ríkið greiði það sem það er dæmt til að greiða með dómi MDE geti talist að fullnægja 13. laganna. Í þeim tilvikum þegar brot gegn ákvæðum mannréttindasáttmálans hafi leitt til sakfellingar að ófyrirsynju sé augljóst að þetta skilyrði sé ekki uppfyllt með því einu að greiða lítilsháttar miskabætur og málskostnað vegna reksturs málsins fyrir dómstólum. Annað augljóst dæmi sé sá fjöldi mála sem varða brot gegn banni við tvöfaldri málsmeðferð og tvöfaldri refsingu vegna sama atviks, sbr. 1. mgr. 4. gr. 7 viðauka samningsins, hinni svokölluðu „Ne bis in idem“ reglu. Fór Ragnar yfir það hvernig MDE hafi ítrekað komist að þeirri niðurstöðu að þessi regla hafi verið brotin í skattamálum á Íslandi. Ríkið hafi harðneitað að endurgreiða sektir og sú afstaða byggir á því að dómar íslenskra dómstóla séu endanlegir og að mannréttindadómstóllinn sé ekki áfrýjunardómstóll í þessu samhengi. Í þeim tilvikum benti Ragnar á að hann kæmi ekki auga á annað raunhæft úrræði en að mál aðila verði endurupptekin og mistökin leiðrétt. Hæstiréttur hafi hins vegar aðra skoðun um þetta og vísaði Ragnar meðal

annars til máls réttarins nr. 12/2018. Þá benti Ragnar á athyglisverða þróun í réttarframkvæmd MDE sem mætti greina í síðasta dómi sem gekk um þessi efni en þann 31. ágúst síðastliðinn kvað dómstóllinn upp dóm sem sneri að dómsúrlausn Hæstaréttar Íslands í máli nr. 283/2016. Í þetta skiptið gekk hann lengra en áður og dæmdi íslenska ríkið til þess að greiða bætur sem svara til sektarfjárhæðarinnar sem Hæstiréttur hafði dæmt málsaðila til að greiða auk miskabóta og málskostnaðar. Þá greindi Ragnar frá nýju verklagi við MDE sem gerði aðilum kleift að sætta mál þar

sem skýr og fordæmisgefandi niðurstaða liggur fyrir hjá í sambærilegu máli. Í þeim tilvikum vísar dómstóllinn máli í sáttameðferð og í kjölfarið fær sáttin formlega meðferð og er staðfest af dómnum. Frá því verklagið var innleitt hefur íslenska ríkið gert fjölda sáttargerða þar sem ríkið viðurkennir brot sín og fellst á greiðslu bóta og kostnaðar og vísar til heimildar til endurupptöku.

Ingi B. Poulsen

LAGADAGURINN 2021

## II. PENINGAÞVÆTTI OG ALÞJÓÐLEG REGLUVARSLA



F.v. Friðrik Árni Friðriksson Hirst, Helga Melkorka Óttarsdóttir og Ólafur Þór Hauksson.

Málstofan um peningaþvætti og alþjóðlega regluvörslu var vel sótt auk þess sem margir nýttu sér þann möguleika að taka þátt í gegnum fjarfundabúnað. Málstofustjóri var Ólafur Þór Hauksson, héraðssaksóknari og formaður Lögfræðingafélags Íslands, en undir embætti hans heyrir skrifstofa fjármálagreininga lögreglu sem annast móttöku tilkynninga á grundvelli laga um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Fyrri hluti hennar fjallaði um peningaþvættisreglur og lögmenn. Erindi fluttu Friðrik Árni Friðriksson Hirst, doktorsnemi og framkvæmdastjóri Lagastofnunar Háskóla Íslands, og Helga Melkorka Óttarsdóttir, lögmaður hjá LOGOS lögmannsþjónustu. Seinni hluti fjallaði um alþjóðlega regluvörslu, varnir gegn mútum, spillingu og peningaþvætti en í þeim hluta var Steve Grimes, eigandi Winston & Strawn LLP, með framsöguerindi.

## Peningaþvættisbrotið samkvæmt íslenskum rétti

Friðrik Árni fór almennt yfir skilgreininguna á peningaþvætti og fjallaði um peningaþvættisbrotið samkvæmt íslenskum rétti. Lýsti hann því að peningaþvætti er ferli sem miðar að því að hylja uppruna og tilvist ávinnings af refsiverðu broti, með flutningi, umbreytingu eða annars konar meðhöndlun hans. Lögð er refsing við peningaþvætti í 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 (hgl.) og geta öll refsiverð brot samkvæmt íslenskum lögum verið svokölluð frumbrot vegna peningaþvættis. Fór Friðrik með greinargóðum hætti yfir víðtæka verknaðarlýsingu ákvæðisins sem nær í reynd til hvers kyns meðhöndlunar á ólögmaetum ávinningi, óháð því hvort tilgangurinn sé að hylja uppruna hans. Eru gáleysisbrot því einnig refsiverð og dugar þar einfalt gáleysi. Þá er hlutdeild í peningaþvætti einnig refsiverð, sbr. 22. gr. hgl., en hún getur t.d. falist í skjálagerð og ýmiss konar milligöngu.

## Hvar leynast hætturarnar fyrir lögmenn?

Friðrik fór síðan yfir að möguleg aðild lögmanna að peningaþvætti geti komið til með ýmsum hætti. Nefndi hann sem dæmi aðstoð við fasteigna- eða fjármálaviðskipti sem taka til ólögmaets ávinnings af refsiverðu broti. Einnig stofnun, rekstur og stjórnarsetu í skelfélögum og innheimtu á gervikröfum eða sýndarmálsókn. Með hliðsjón af orðalagi 264. gr. hgl. gæti lögmaður jafnvel gerst sekur um peningaþvættisbrot með því einu að taka við greiðslu lögmansþóknunar frá viðskiptamanni ef lögmaðurinn vissi eða mátti vita að umræddir fjármunir væru ávinningur af refsiverðu broti. Lögmenn eru í þeirri stöðu að vera tilkynningarskyldir aðilar skv. lögum nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og brot gegn þeim lögum getur varðað stjórnvaldssektum. Benti Friðrik á að hvað sem hjá liði reglum þeirra laga gæti refsíabýrgð hins vegar stofnast sjálfstætt á grundvelli 264. gr. hgl., hvort heldur af ásetningi eða gáleysi, eða fyrir hlutdeild skv. 22. gr. hgl. og því mikilvægt fyrir lögmenn að gera sér grein fyrir stöðu sinni.

## Varnir gegn peningaþvætti og trúnaðarskylda lögmanna

Helga Melkorka fjallaði nánar um skyldur lögmanna skv. lögum nr. 140/2018 og samspil þeirra við trúnaðarskyldu lögmanna. Lögmenn eru tilkynningarskyldir aðilar þegar þeir sinna tilteknum verkefnum og bera þeir þá um leið ákveðnar skyldur sem í grunninn eru þriðþættar. Í fyrsta lagi framkvæmd áreiðanleikakönnunar, í öðru lagi upplýsingagjöf til eftirlitsaðila samkvæmt beiðni og í þriðja lagi skylda til að tilkynna grun um peningaþvætti í störfum sínum er varða viðskipti skjólstaðinga með eignir, fjármuni



og hvers kyns millifærslur fjármuna eða aðgerðir, gerð löggæringa, viðskipti með fasteignir, lausafjármuni, félög og fyrirtækjastarfsemi. Á hinn bóginn bera lögmenn ríka trúnaðarskyldu meðal annars á grundvelli 1. mgr. 22. gr. lögmanna laga nr. 77/1998 en samkvæmt 2. mgr. 20. gr laga nr. 140/2018 takmarka lagaákvæði um þagnarskyldu ekki skyldu til þess að veita upplýsingar og aðgang á grundvelli laganna. Eina undantekningin er í tengslum við dómsmál, þ.e. „*upplýsingar sem lögmaður öðlast við athugun á lagalegri stöðu skjólstaðings í tengslum við dómsmál, þ.m.t. þegar hann veitir ráðgjöf um hvort höfða eigi mál eða komast hjá máli, eða upplýsingar sem hann öðlast fyrir, á meðan eða eftir lok dómsmáls ef upplýsingarnar hafa bein tengsl við málið.*“ Trúnaðarskyldan víkur því fyrir tilkynningarskyldu og skyldu til upplýsingagjafar samkvæmt lögum nr. 140/2018, nema í framangreindum undantekningartilvikum.

Helga Melkorka vakti athygli á því að fjórða peningaþvættistilskipunin gerir ráð fyrir víðtækari undanþágu frá tilkynningarskyldu (2. mgr. 34. gr.) en framangreind undanþága í lögum nr. 140/2018 kveður á um. Í Danmörku og Noregi eru undanþágurnar einnig víðtækari en hér á landi og í meira samræmi við ákvæði tilskipunarinnar. Í tengslum við tilkynningarskyldu virðist því meira þrengt að trúnaðarskyldu lögmanna í íslenskum lögum en samkvæmt tilskipuninni og því sem gildir í nágrennalöndunum. Það megi því velta því fyrir sér hvort ástæða sé til að skoða nánar innleiðingu tilskipunarinnar hér á landi. Þá vakti hún jafnframt athygli á því að eftirlit hér á landi er í höndum opinberra aðila en í sumum nágrennalanda okkar, m.a. Danmörk og Noregi, sjá fagfélög um eftirlit með því að lögmenn uppfylli skyldur samkvæmt lögnum. Það geti

reynst áhugavert að skoða hvort það hafi mögulega áhrif á hlutfall tilkynninga. Jafnframt megi velta því fyrir sér hvort það kunni að hafa áhrif á það hvort að tilkynningarskylda lögmanns teldist brjóta gegn 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu er varðar réttláta málsmeðferð að tilkynnt sé til opinbers aðila hér á landi.

#### Alþjóðleg regluvarsla

Steve Grimes, sem flutti sitt erindi í gegnum fjarfundabúnað vegna áhrifa heimsfaraldurs, fjallaði um mikilvægi regluvörslu og virkra varna gegn mútum, spillingu og peningaþvætti fyrir fyrirtæki og miðlaði þar af fjölbreyttri reynslu sinni og þekkingu. Í fyrri hluta erindisins fjallaði hann um af hverju regluvarsla væri mikilvæg fyrir fyrirtæki

og nefndi m.a. í því sambandi að afleiðingar brota starfsfólks gætu reynst fyrirtækjum afar kostnaðarsamar. Það hefði því sýnt sig að það væri til hagsbóta fyrir fyrirtæki að takmarka slíka áhættu með skilvirkri regluvörslu. Í seinni hluta erindisins fjallaði hann síðan um hvað fælist í skilvirkri regluvörslu og hvaða sjónarmið þyrftu að liggja til grundvallar við mótun stefnu og innri reglna fyrirtækja. Heyra mátti á honum að hann teldi að fyrirtæki myndu halda áfram að setja aukinn þunga í regluvörslu og aukinnar sérþekkingar myndi fara að gæta hjá lögmönnum á þessu sviði.

[Hrafnhildur Sæberg Þorsteinsdóttir](#)

LAGADAGURINN 2021

## III. ÖRMÁLSTOFUR

Venju samkvæmt voru fjölbreytt efni á dagskrá örmálstofa. Að þessu sinni voru þrjú umræðuefni; samspil persónuverndar og upplýsingagjöf tók helming tímans, en síðan voru erindi um sjálfkeyrandi bíla og hvort nýsamþykktar endurupptökuheimildir í þjóðlendulögum stönguðust á við lög og meginreglur réttarfars. Þóra Hallgrímsdóttir, sérfræðingur við lagadeild Háskólans í Reykjavík og varaformaður Lögfræðingafélags Íslands, stýrði málstofunni.

### 1. PERSÓNUVERND OG UPPLÝSINGALÖGGJÖF

#### Samspil persónuverndar og upplýsingaréttar

Kjartan Bjarni Björgvinsson, héraðsdómari og formaður Dómarafélags Íslands, fjallaði um samspil persónuverndar og upplýsingaréttar. Vísaði hann m.a. til nýlegrar umræðu um þær áskoranir sem felast í því fyrir nútíma stjórnslu að samræma annars vegar gagnsæi og upplýsingalöggjöf og hins vegar persónuvernd, sem séu í raun andstæð sjónarmið. Var í því sambandi m.a. velt upp hvort persónuvernd dragi úr gagnsæi og hvort persónuverndarlögum sé misbeitt í framkvæmd? Kjartan Bjarni ræddi um ólík markmið persónuverndarreglna annars vegar og reglna um upplýsingarétt í stjórnslunni hins vegar, og að persónuverndarlög takmarki ekki þann rétt til aðgangs

að gögnum sem mælt er fyrir um í upplýsingalögum og stjórnslulögum. Þrátt fyrir þetta sé vaxandi tilhneyging hjá stjórnvöldum að bera fyrir sig persónuvernd þegar þau synji beiðnum um upplýsingar á grundvelli upplýsinga- og stjórnslulaga. Tók hann fram að stjórnvöld eigi á hættu að fá sektir ef þau veiti of miklar upplýsingar en engar afleiðingar séu við því að veita of lítið af upplýsingum. Álitafni sé hvort úr þessu megi bæta og nefndi Kjartan Bjarni að stundum saknaði hann umfjöllunar um þetta efni í úrlausnum Persónuverndar.

#### Birting upplýsinga á opnum vef stjórnvalds

Særún María Gunnarsdóttir, lögfræðingur hjá Umboðsmanni Alþingis, tók næst til máls og fjallaði um birtingu



F.v. Kjartan Bjarni Björgvinsson, Særún María Gunnarsdóttir, Alma Tryggvadóttir, Steinlaug Högnadóttir, Friðbjörn Garðarsson og Þóra Hallgrímsdóttir.

upplýsinga á opnum vef stjórnvalds. Tók hún fram að slík birting væri stjórnvaldsathöfn, sem skráðar og óskráðar reglur stjórnvæðis giltu þ.a.l. um. Þegar stjórnvald skoði hvaða heimild það hafi til birtingar, og hvaða takmarkanir séu þar á, ætti útgangspunkturinn ávallt að vera almennar reglur stjórnvæðis, en þau sérlög sem gildi um viðkomandi stjórnvæðis, og ákvæði persónuverndarlaga, komi til fyllingar. Álitafnið er hvernig jafnvægi náist á milli þess að tryggja gegnsæi um opinbera stjórnvæðisfráfarir annars vegar, og að ekki séu opinberaðar viðkvæmar upplýsingar um einkamálefni sem sanngjarn og eðlilegt sé að leynt fari hins vegar. Særún María vísaði m.a. til þeirra sjónarmiða að birting á að vera til hagræðis fyrir borgarana, án þess að gengið sé á stjórnarskrávarin réttindi þeirra. Mikilvægt er að til staðar sé þekking og færni í að beita settum reglum en vandamál geti skapast af vanþekkingu eða óöryggi við beitingu reglnanna.

### Áskoranir ábyrgðaraðila við afgreiðslu aðgangsbæðna

Næst fjallaði Alma Tryggvadóttir, sérfræðingur í persónurétti hjá Landsbankanum, um áskoranir ábyrgðaraðila við afgreiðslu aðgangsbæðna. Vísaði hún til reglna um þrjúþættan aðgangsrétt hins skráða og að krefjandi sé fyrir stór fyrirtæki og stofnanir að finna upplýsingar úr mörgum kerfum innan þess frests sem lögin gera ráð fyrir, þ.e. 30 daga. Ekki hafi enn komið til sektarákvarðana hér á landi fyrir efnislega ranga afgreiðslu á aðgangsrétti, eða broti á tímamörkum, en fjölmargar slíkar ákvarðanir liggja fyrir erlendis. Engar formkröfur séu í lögum og þurfi því að bregðast við öllum aðgangsbæðnum, hvort sem þær eru munnlegar, skriflegar eða rafrænar. Þá geti þriðji aðili lagt fram bæðni fyrir hönd hins skráða og hafi fyrirtæki erlendis sérhæft sig í því að nýta þennan rétt. Áskoranirnar séu margar og viðfangsefnið flókið í fráfarir.

Alma ræddi einnig um fyrirkomulag afgreiðslu, s.s. tímamörk og heimild til að fara fram á sanngjarn gjald eða að synja ef bæðni er tilefnislaus eða óhófleg, en þarna þurfi að fara fram mat, s.s.: Hvenær er bæðni óþörf? Hver eru áhrif magnbæðna? Hvað ber að afhenda? Hvað má undanskilja?

Að loknum erindunum sköpuðust áhugaverðar umræður, þar sem Vigdís Eva Línal, sviðsstjóri hjá Persónuvernd, tók m.a. til máls og áréttaði að nauðsynlegt sé að leita ráðgjafar hjá Persónuvernd ef einhver vafi er uppi með túlkun. Aðspurð tók Alma Tryggvadóttir fram að hún teldi hlutverk Persónuverndar, sem eftirlitsaðila annars vegar og leiðbeiningarhlutverk hins vegar, ekki ósamrýmanleg en mikilvægt væri að traust ríkti á milli aðila þar sem ákveðinnar tregðu gætti hjá einstaka ábyrgðaraðilum að leita til eftirlitsaðila með vinnslu sem hugsanlega væri á gráu svæði.

## 2. TENDIR OG SJÁLFKEYRANDI BÍLAR – LAGA-LEGAR ÁSKORANIR SJÁLFVIRKRA ÖKUTÆKJA

Annað efni málstofunnar vísaði til þess að frá því að fyrsti tengdi bíllinn kom á markað hafi tengingarmöguleikum bíla fjölgað til muna og sjálfvirkni bíla jafnframt færst í aukana. Steinlaug Högnadóttir, lögfræðingur og fulltrúi hjá LOGOS fór yfir þær lagalegu áskoranir sem þessi tækni glímir við og velti upp þeirri spurningu hvernig löggjafinn muni bregðast við. Steinlaug ræddi m.a. um áskoranir tengdar umferðalögum, sem gera ráð fyrir „ökumanni“, þ.e. persónu við stýrið. Þá fjallaði hún um bótaábyrgð, en í lögum um ökutækjatrýggingar er t.d. kveðið á um að „eigandi / umráðamaður“ beri ábyrgð, og því ekki miklar breytingar með tilkomu sjálfkeyrandi ökutækja. Einnig ræddi Steinlaug um lög um skaðsemisábyrgð í tengslum við gervigreind og að flókið væri að sækja bætur vegna

galla í gervigreind.

### 3. STANGAST NÝSAMÞYKKTAR ENDURUPPTÖKU-HEIMILDIR Í LÖGUM NR. 58/1998 Á VIÐ LÖG OG MEGINREGLUR ÍSLENSKS RÉTTARFARS?

Að lokum fjallaði Friðbjörn Garðarsson, lögmaður hjá AX lögmannsþjónustu, um hvort nýsamþykktar endurupptökuheimildir í þjóðlendulögum stangist á við lög og meginreglur réttarfars og færði hann rök fyrir því að hann teldi svo vera. Ýmsar breytingar voru gerðar á þjóðlendulögum árið 2020, m.a. heimild til endurupptöku á svæðum sem óbyggðanefnd hefur þegar tekið fyrir og þar sem málsmeðferð hennar og dómstóla er lokið. Friðbjörn ræddi um aðdraganda breytinganna og að framan af hefði óbyggðanefnd talið leiða af rannsóknarskyldu sinni að hún væri ekki bundin af kröfugerðum aðila við úrlausn mála, þ.e. að málsforræðisreglan gildi ekki við málsmeðferð fyrir

nefndinni. Hæstiréttur hefði aftur á móti komist að annarri niðurstöðu. Segir nú í lögnum að óbyggðanefnd sé heimilt að taka til meðferðar svæði sem áður hafi sætt meðferð hennar, ef hún hefur í úrskurði gert athugasemd við kröfugerð ráðherra. Friðbjörn gagnrýndi þetta ákvæði og lýsti því að hann teldi verulegan vafa á að þessi framkvæmd standist lög.

Hildur Þórarinsdóttir

## Ásar – þýðingar og túlkun slf

Eftirfarandi þýðendur og túlkar starfa innan vébanda

*Ása – þýðinga og túlkunar slf:*

Ellen Ingvadóttir, löggiltur dómtúlkjur og skjalapýðandi, EU-ACI

Bjarni Gunnarsson, löggiltur dómtúlkur og skjalapýðandi

Niels Rask Vendelbjerg, löggiltur dómtúlkur og skjalapýðandi

Matthías M. Kristiansen, þýðandi

Almennar og löggiltar þýðingar, dóm- og ráðstefnutúlkun, textaráðgjöf.  
Aðili að rammasamningi Ríkiskaupa (RK-14.10).

*Ásar – þýðingar og túlkun slf » Reykjavík » Sími: 897 2717*

*Netfang: [ellening@simnet.is](mailto:ellening@simnet.is)*

# “STREET-FOOD” STEMNING Á LAGADEGI

Loksins, loksins söng í forsvarsmönnum Lagadagsins þegar 10. september 2021 rann upp og ljóst var að nú myndi allt ganga eðlilega fyrir sig. Árið 2020 voru auglýstir þrír lagadagar og jafn oft var þeim aflýst vegna kófsins. Þar sem enn voru 200 manna fjöldatakmarkanir þá var hátíðardagskrá um kvöldið sleppt og eins var boðið upp á að hlusta á Lagadaginn í fjarfundi. Svo voru allir í viðbragðsstöðu, orðnir fullnuma í breytingastjórnun. Alls 200 manns mætti í hádegisverðinn þar sem boðið var upp á „Street-food“ með tilheyrandi gleði yfir því að hitta loks félagar í raunheimum. Hér látum við myndirnar tala sínu máli.



Helga Melkorka Óttarsdóttir, Bjarnveig Eiríksdóttir og Lilja Ólafsdóttir gæddu sér á tælenskri súpu og hamborgurum.



Jóhannes Karl Sveinsson og Ástráður Haraldsson.



Heiðar Ásberg Atlason og Þóra Hallgrímsdóttir.



Reimar Pétursson og Eiríkur Tómasson.





Hulda María Stefánsdóttir, Þyri Steingrímsdóttir og Margrét Gunnlaugsdóttir tylltu sér með sushi og súpur, hamburgara og gos. Alsælar konur.



Hinn orfursnjalli Björn Thoroddsen gítarleikari var götulistamaður dagsins.



Sigurbjörn Edvardsson, Hrafnkell Ásgeirsson og Elva Þóra Arnardóttir.



Vala Hrönn Viggósdóttir, Sævar B. Kjartansson og Aron Freyr Jóhannsson.



Fagnaðarfundir.

# IV. FLUTNINGUR MÁLA

## FYRIR DÓMI

Málstofan um flutning mála fyrir dómi fór vel af stað á Lagadaginn 2021. Fjölmennt var í salnum og einvalalið í pallborði. Hjördís Halldórsdóttir, lögmaður hjá LOGOS, kynnti þátttakendur og stjórnaði af röggsemi.

Enginn var með framsögu en Hjördís varpaði fram spurningum sem svarað var sitt á hvað. Náðust á flug mjög góðar umræður með þátttöku allra á pallborðinu, lögmannna jafnt sem dómara. Málstofan skiptist í tvo hluta, annars vegar áttu sér stað skoðanaskipti og umræður um hvað virkar og hvað virkar ekki í málflutningi fyrir dómstólum. Hins vegar var fjallað um málarekstur fyrir yfirdeild MDE og hvað við á Íslandi gætum lært af honum.

### Skriptir málflutningur máli?

Fyrsta spurningin var um hvort málflutningur skipti raunverulegu máli og var henni beint til dómara í pallborðinu, Sigurðar Tómasar Magnússonar hæstaréttardómara og Eiríks Tómassonar, f.v. hæstaréttardómara. Dómararnir voru sammála um að málflutningur skipti alltaf máli og væri ómissandi þáttur af málsmeðferðinni en hins vegar væri sjaldgæft að málflutningur ylli kúvendingu í afstöðu dómara. Þá voru dómararnir sammála um að það væri jafnan svo að dómara kæmu inn í málflutning með nokkuð mótaða hugmynd að niðurstöðu málsins, í það minnsta ef að dómara mættu undirbúnir til leiks. Það væri í raun óeðlilegt að ætla dómara, sem væri búinn að fara vel yfir gögn málsins, að hann væri ekki búinn að mynda sér skoðun á málinu og mögulegri niðurstöðu þess. Það lægi í mannlegu eðli að mynda sér skoðun á þeim álitamálum sem viðkomandi væri að kynna sér. Báðir dómara ræddu svo um dómarafundi, sem fram fara strax eftir málflutning á æðra dómstigi, sem skerpti þá enn fremur á afstöðu þeirra strax í kjölfar málflutnings og þá væri hin endanlega niðurstaða fædd.

Lögmennirnir í pallborðinu, þau Sigríður Rut Júlíusdóttir hjá Rétti, Jóhannes Karl Sveinsson hjá Landslögum og

Gizur Bergsteinsson hjá Lagastoð, voru á einu máli um að góður málflutningur einkenndist alls ekki af því að svara öllu sem mögulega varðar málið eða fara yfir það í heild sinni og gleyma engu. Þvert á móti ætti í góðum málflutningi að fókusera á aðalatriði málsins og „pakka þeim inn“ fyrir dómara.

Þá kom fram sú spurning hvernig væri þá í raun áhrifaríkur málflutningur og sköpuðust skemmtilegar og fróðlegar umræður um það á pallborðinu.

Eftirfarandi punktar komu meðal annars fram:

- Vertu þú sjálf/ur, vertu eðlileg/ur í málrómi og hafðu sanngirni í framsetningu að leiðarljósi.
- Það virkar ekki að vera með hörku eða stæla og hvað þá vera reiðileg/ur eða í uppnámi.
- Fylgstu með málflutningi hjá lögmonnum gagnaðila og reyndu að tileinka þér það besta frá þeim.
- Byrjaðu vel, komdu með sterkustu rökin fyrir þínum málstað fyrst.
- Ekki byggja ræðu upp eins og stefnuna.
- Færðu málið og málflutninginn á þann stað sem þú vilt hafa hann, ekki láta lögmann gagnaðila færa málið til sín.



F.v. Eiríkur Tómasson, Jóhannes Karl Sveinsson, Sigurður Tómas Magnússon, Sigríður Rut Júlíusdóttir, Gizur Bergsteinsson og Hjördis Halldórsdóttir.

- Almennt þarf ekki að rekja málsatvikin.
- Reyndu að finna þá punkta þar sem þér finnst líklegast að dómari gæti verið í vafa um og komdu inn á þá fyrir en síðar í ræðu þinni.

Eiríkur Tómasson sagði styrk af góðu málflutningsyfirliti til dómara en að það yrði að vera skýrt og vandvirkt, ekki of viðamikilið. Í raun ætti það að vera efnisyfirlit ræðunnar og gæti verið gott tækifæri til að bæta inn dómum eða tilvísunum í fræðarit en þá mætti gjarnan hafa í huga að ekki væri þá endilega tilefni til að þylja það allt upp í málflutningsræðu. Tilgangur málflutningsyfirlits ætti þannig alls ekki að vera að færa málflutninginn í skriflegt horf heldur að styðja við hinn munnlega málflutning.

### Málarekstur fyrir yfirdeild MDE

Í síðari hlutanum tóku sæti í pallborðinu þrír lögmennt, þau Geir Gestsson, hjá Mörkinni lögmannsstofu, Fanney Rós Þorsteinsdóttir, hjá ríkislögmanni og Védís Eva Guðmundsdóttir, hjá Rétti, en þau hafa öll reynslu af flutningi mála fyrir yfirdeild Mannréttindadómstóls Evrópu og lýstu ýmsum þáttum þeirrar reynslu. Eins og kunnugt er hafa tvö íslensk mál nýlega verið flutt hjá yfirdeildinni, fyrst mál um réttarfarssækt lögmannna og síðar Landsréttarmálið svokallaða.

Lögmenntirnir voru sammála um að málsmeðferðin hjá yfirdeildinni væri góð og markviss en einnig afar formföst og lítil sem enginn sveigjanleiki veittur í aðdragandanum. Þau fjölluðu m.a. um að öll samskipti við dómstólinn og

öll gagnaframlagning hefði verið rafræn þannig að málflutjendur hefðu aðgang að gagnagátt fyrir hvert mál fyrir sig. Það hefði verið þægilegt í notkun. Þau lýstu einnig forminu að málflutningnum og undirbúningi sínum, sem hefði verið gríðarlega tímafrekur. Þá vaknaði sú spurning hver stæði undir kostnaði fyrir einstaklinginn en fram kom að hann, og jafnvel frekar lögmaðurinn, stæði undir þeim kostnaði.

Þá var áhugavert að heyra að munurinn á málsmeðferð og málflutningi fyrir íslenskum dómstólum og MDE væri helst sá að hjá MDE gildi hvorki málsforræðisregla né útilokunarregla. Þannig gætu mál í raun farið að fjalla um allt aðra þætti málsins fyrir MDE og sérstaklega yfirdeildinni en þau hefðu fjallað um fyrir íslenskum dómstólum.

Hjá ríkislögmanni væri nú búið að mynda teymi fimm lögmannna sem hafa umsjón með öllum málum hjá MDE og þar væri búin að skapast mikil þekking og reynsla við málsmeðferðina sem nýttist vel þegar kom að yfirdeildinni. Margt fleira áhugavert kom fram hjá lögmonnunum um reynslu þeirra af þessari sérstöku málsmeðferð og kann undirrituð lögmonnunum bestu þakkir fyrir áhugaverða og skemmtilega lýsingu.

Byrri Steingrímsson

# V. FÉLAGARÉTTUR OG VERÐBRÉFAMARKAÐSRÉTTUR

Málstofunni var skipt í tvennt. Í fyrri hluta var fjallað um álitæfni af vettvangi hlutafélagaréttar og var Friðrik Ársællsson, lögmaður hjá Arion banka og aðjúnkt við lagadeild Háskóla Íslands, með framsögu en í pallborði sátu Árni Sigurjónsson lögmaður, yfirlögfræðingur Marel, Marta Guðrún Blöndal lögmaður, yfirlögfræðingur ORF líftækni og Sigrún Helga Jóhannsdóttir, yfirlögfræðingur VÍS.

Í seinni hluta var sjónum beint að áhrifum innleiðingar evrópsks regluverks á íslenskan verðbréfamarkaðsrétt og þar fluttu framsöguerindi þau dr. Andri Fannar Bergþórsson, lektor við lagadeild Háskólans í Reykjavík, og Inga Dröfn Benediktsdóttir, forstöðumaður markaða og viðskiptahátta hjá Seðlabanka Íslands. Málstofustjóri: Ingunn Agnes Kro, lögmaður og framkvæmdastjóri.

**Lög um hlutafélög 26 ára og nýjungar í verðbréfamarkaðsrétti** Friðrik byrjaði á að fjalla um að lög um hlutafélög, nr. 2/1995, sem eru að grunni til frá 1978, hefðu aldrei sætt heildarendurskoðun. Miklar breytingar hafa orðið í samfélaginu og á atvinnuháttum frá setningu laganna, til dæmis einkavæðing, bankahrun, rannsóknarskýrsla, vantraust, stofnun sérstaks saksóknara og ýmis málarekstur. Í kjölfarið jókst áhersla á góða stjórnarhætti og samfélagslega ábyrgð en slík ákvæði eru í lögum um ársreikninga en ekki í lögum er varða félög. Sagði hann að bæta mætti umgjörð hins opinbera hvað varðar skráningu, umsýslu o.fl. fyrir atvinnurekstur og vísaði til Erhvervsstyrelsens í Danmörku.

Umfangsmiklar breytingar hafa orðið á sérlögum á sviði fjármálamarkaðar og eru lög um hlutafélög að mestu ófrávikjanleg. Þá hefur refsilöggjöf fengið aukið vægi eftir fall bankanna. Því mætti velja upp hvaða breytingar hefðu orðið á lögum um hlutafélög samhliða svo miklum breytingum í samfélaginu og hvort þær efnislegu breytingar sem lögfestar hefðu verið hefðu haft eitthvað að segja? Friðrik kvað tilefni til að endurskoða lögina í heild og vísaði

til þess að árið 2010 hefðu dönsku hlutafélagalögin verið endurskoðuð.

Umræður í pallborði voru líflegar en rétt var um að undirnefndir stjórnar gætu gert stjórnarfundum skilvirkari en huga þyrfti að því að í þriggja manna undirnefnd sæti meirihluti fimm manna stjórnar. Fundir undirnefndar væru þó að jafnaði opnir öðrum stjórnarmönnum.

Einnig var rétt um áhrif hluthafa og bent á mikilvægi þess að þeir stæðu vel að vígi hvað varðar stjórn á viðkomandi félagi. Mörg vandamál hér tengdust einsleitu eignarhaldi og lengi vel hafi lítið verið hugað að þeirri færni og kunnáttu sem stjórnir þurfi að búa yfir. Hins vegar kom einnig fram að það geti verið farsælt að óháðir aðilar sitji í stjórn því þeir kunnir að hafa annað sjónarhorn, jafnvel ögrandi. Lögum samkvæmt beri stjórn þó ávallt að gæta hagsmuna félagsins.

Pallborðsfólk var sammála um jákvæð áhrif *Leiðbeininga um stjórnarhætti* og að innleiðing og endurskoðun þeirra hefði heppnast vel. Hins vegar þurfi að gæta að samspili



F.v. Ingunn Agnes Kro, Árni Sigurjónsson, Marta Guðrún Blöndal og Sigrún Helga Jóhannsdóttir.

grundvallarreglna annars vegar, sem eru lögfestar, og afleiddrar löggjafar hins vegar, þ.e. samræmi við stjórnarhætti erlendis þegar um er að ræða erlent eignarhald eða ef félag er skráð erlendis.

Friðrik lagði áherslu á kosti öflugra hlutafélaga þar sem þau tryggja samræmda framkvæmd og jafna upplýsingagjöf. Um þekkta stærð sé að ræða og beri slík félög sömu einkenni víða um heim, fyrst og fremst þau að um er að ræða lögaðila sem telst aðskilinn eigendum og er ábyrgð þeirra takmörkuð.

## MAR

Síðari hluti málstofunnar snerist um verðbréfamarkaðsrétt. Í framsögu Andra Fannars kom fram að reglugerð ESB um markaðssvik nr. 596/2014 hefði verið lögfest með lögum nr. 60/2021. Gengur reglugerðin undir nafninu MAR (e. Market Abuse Regulation) og hvílir á þremur meginstoðum: Banni við markaðsmisnotkun, banni við innherjasvikum og upplýsingaskyldu vegna innherjaupplýsinga. Andri sagði að ekki fælust beint tímamót í MAR þar sem fremur væri verið að stoppa í göt, auka skýrleika *o.fl.* Þar sem um reglugerð sé að ræða hafa aðildarríki ekki svigrúm til að útfæra nánar tiltekin atriði.

Beindi Andri sjónum að upplýsingaskyldu skv. 17. gr. MAR, þ.e. að innherjaupplýsingar skuli birta opinberlega eins fljótt og auðið er til að tryggja að aðilar á markaði sitji við sama borð. Upplýsingar geta varðað atvik sem ekki eru orðin endanleg og vísaði Andri til dóms Hæstaréttar í máli nr. 40/2019 frá 16. desember 2019 (Eimskip).

Þá fjallaði Andri um innherja og innherjalista. Ekki verður lengur greint á milli frum-, tímabundins- og annars innherja og hugtakið innherji verður ekki lengur í lögum. Skilgreindir eru aðilar sem búa yfir innherjaupplýsingum í 4. mgr. 8. gr. MAR. Rannsóknar- og tilkynningarskylda frumherja fellur brott en þó þurfa aðilar að gæta að því að eiga ekki viðskipti ef þeir búa yfir innherjaupplýsingum enda teldist slíkt athæfi brot gegn 8. gr. MAR.

Þess verður ekki lengur krafist í innherjalistum að útgefandi geri greinarmun á fruminnherja og tímabundnum innherja heldur skal gert grein fyrir öllum aðilum sem aðgang hafa að innherjaupplýsingum. Slíkir listar geta verið tvískiptir, þ.e. varanlegur innherji og atviksbundinn innherji (e. permanent vs. event based). Form listanna er samræmt í MAR og skulu þeir sendir fjármálaeftirliti SÍ þegar eftir þeim er óskað sem er öfugt við það sem áður hefur verið.

## MiFID2/MiFIR2

Inga Dröfn fjallaði um nokkrar breytingar með tilkomu MiFID2/MiFIR2 regluverksins. Framvegis mun hugtakið *fjármálagerningur* ná til fleiri tegunda afurða, þ.e. hrávörufleiða og losunarheimilar. Hugtök eru skilgreind á annan hátt, t.d. talað um fjárfestingarþjónustu og starfsemi í stað verðbréfavíðskipta (e. investment services and activities). Þá er eftirlit og svokölluð passporting regla samræmd milli landa.

MiFID2 hefur víðtækara gildissvið en áður og tekur mið af tækninýjungum. Regluverkinu er ætlað að auka gagnsæi í viðskiptum með fjármálagerninga og skerpa á



fjárfestavernd. Kveðið er á um nýjan viðskiptavettvang; skipulegt markaðstorg og nýja tegund eftirlitsskylds aðila; veitanda gagnaskýrsluþjónustu.

Inga Dröfn vísaði til nýmælis 22. gr. um vörupróun og dreifingu fjármálagerna sem ekki aðeins á við um nýjar vörur heldur einnig breytingar á vörum. Tilgangurinn er að tryggja fjárfestavernd og að við vörupróun sé hugað að hagsmunum viðskiptavina og að þeir fái vörur við hæfi. Skilgreina ber markhóp endanlegra viðskiptavina og skal reglulega metið hvort fjármálagerningur henti

viðkomandi markhóp. Fjallað er um hugtökin framleiðandi og dreifingaraðili í aðfararorðum reglugerðar ESB nr. 593/2017.

Fjallaði Inga Dröfn sömuleiðis um íhlutunarheimildir annars vegar fjármálaeftirlits SÍ og hins vegar Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar/Eftirlitsstofnunar EFTA.

[Selma Hafliðadóttir](#)

BBA // FJELD CO



Lögfræðistofa Reykjavíkur



LANDSLÖG | LÖGFRÆÐISTOFA

LOGOS

Reykjavík · London

# VI. STJÓRNSÝSLU- RÉTTUR

## HIÐ OPINBERA SEM AÐILI AÐ DÓMSMÁLI

Í málstofunni um hið opinbera sem aðili að dómsmáli hélt Tryggvi Gunnarsson, fyrrverandi umboðsmaður Alþingis, framsöguerindið. Í pallborði voru Ástráður Haraldsson, héraðsdómari hjá Héraðsdómi Reykjavíkur, Ebba Schram borgarlögmaður, Einar Karl Hallvarðsson ríkislögmaður og Ragnar Aðalsteinsson, lögmaður hjá Rétti. Málstofustjóri var Daníel Isebarn Ágústsson, lögmaður hjá Magna lögmonnum.

**Ójafnræði með stjórnvaldi og borgara við rekstur dómsmáls**  
Í máli Tryggva Gunnarssonar kom fram að lögfestar og ólögfestar reglur stjórnsýsluréttarins, og vandaðir stjórnsýsluhættir, giltu um stjórnvöld í öllum störfum þeirra. Þótt ákvarðanir undir rekstri dómsmáls teldust ekki almennt vera stjórnvaldsákvarðanir settu ólögfestar reglur stjórnvöldum mörk. Reglur einkamálaréttarfars byggja á málsforræði og jafnræði aðila dómsmáls meðan reglur stjórnsýsluréttarins byggja á því að ójafnræði sé milli stjórnvalds og borgara. Í einkamáli hafi aðilar forræði yfir sakarefninu en úrlausn stjórnsýslumála ræðst hins vegar á efni laga sem almennt er ekki umsemanlegt.

Danski fræðimaðurinn Henrik Zahle varð fyrstur til að fjalla um samspil rettarfars- og stjórnsýslureglna árið 1979 þar sem hann benti á að þeir sem gættu hagsmuna stjórnvalda fyrir dómi þyrftu að gæta að hlutlægni. Frederik Waage fjallaði síðan í doktorsritgerð sinni Offentlige Retssager, frá árinu 2017, ítarlega um þetta samspil. Samhljómur væri nú í Noregi og Danmörku um að almennar reglur stjórnsýsluréttarsins giltu samhliða reglum einkamálaréttarfars við meðferð dómsmála.

Tryggvi benti á að stjórnvöld þyrftu að gæta að því, að við meðferð dómsmála við borgarana væri ekki jafnræði með aðilum. Stjórnvöld hefðu öll gögn málsins; aðgang að sérfræðiþekkingu, þekkingu á stjórnsýslufráttum auk

þess sem málsvörn og málskostnaður væri fjármagnaður úr almennasjóðum. Stjórnvöld þyrftu að hafa þetta í huga og jafnvel aðstoða aðilann við gagnaöflun. Þótt ákveðið svigrúm væri til staðar varðandi framsetningu á kröfum og málsástæðum yrðu stjórnvöld að gæta hlutlægni við framsetningu málatilbúnaðar. Allt of algengt væri að stjórnvöld væru treg að viðurkenna mistök en héldu málarekstri þess í stað áfram fyrir dómstólum. Það væri dómara að gæta forms og aðildar og þeir sem gættu hagsmuna stjórnvalda fyrir dómi hefðu ekki það hlutverk að krefjast frávísunar. Stjórnvöld og dómara ættu að stuðla að því að borgarinn fengi efnislega niðurstöðu í máli varðandi athafnir stjórnvalda fyrir dómi með sem minnstri fyrirhöfn og kostnaði og á eins stuttum tíma og kostur er.

Í lokin velti Tryggvi upp spurningum um það hvort breyta ætti lögum til þess að tryggja réttaröryggi borgaranna betur og varpaði fram eftirfarandi spurningum því tengt:

- Á að fara í kerfisbreytingar til að mæta misvægi/sérstöðu stjórnsýslumála fyrir dómi?
- Er hægt að bæta stöðuna með breytingum? Færa mál til dómstóla?
- Setja sérstakar reglur í rettarfarslögum vegna stjórnvaldsákvarðana/athafna?
- Setja skýrari og rýmri reglur um aðild og lögvarða hagsmuni?



F.v. Trygvi Gunnarsson, Ragnar Aðalsteinsson, Einar Karl Hallvarðsson, Ebba Schram, Ástráður Haraldsson og Daníel Isebarn Ágústsson.

- Er hægt að rýmka aðgang að gögnum sem verða til hjá stjórnvöldum við undirbúning og ákvarðanatöku um dómsmál – aðgangur að stjórnsýslufordæmum?
- Þarf að auka aðkomu og frumkvæði dómara að rekstri og rannsókn þessara mála/leiðbeiningar?
- Er hægt að semja einfaldari og styttri dóma? Almenn prófun á skriflegri og rökstuddri úrlausn?
- Ætti að fella niður dómsmálagjöld og takmarka málskostnað úr hendi borgara til stjórnvalda?

#### Að kasta út nógu mörgum önglum

Ragnar Aðalsteinsson fjallaði um varnir ríkisins í Vegas málinu nr. E-823/2014. Um er að ræða skaðabótamál vegna ólögmætrar frelsisviptingar sem höfðað var í kjölfar sýknu við endurupptöku málsins. Ragnar sagði málið um margt dæmigert fyrir málatilbúnað ríkisins en sín reynsla væri að ríkið kastaði út nógu mörgum önglum með von um að dómariinn biti á einn þótt beitan væri jafnvel úldin og ógeðfæld. Þessi vinnubrögð ykju vinnu dómstóla og lögmanna og leiddu til meiri óvissu um niðurstöðuna. Vegasmálið væri ágætt dæmi um þessi vinnubrögð en í því hefði ágreiningurinn átt að snúast um fjárhæð bóta og ekkert annað. Þrátt fyrir það hefði ríkið borið fyrir sig fyrningu, m.a. með þeim rökum að höfða hefði átt málið þótt sakfelling hefði verið hnekkt. Ríkið hefði borið fyrir sig að sakfelling stefnanda hefði hvorki verið saknæm eða ólögmæt og að krafa um atvinnutjón meðan hann sat í gæsluvarðhaldi væri vanreifuð, þ.e. að stefnandi hefði ekki sýnt fram á nein gögn um það að hann hefði verið í vinnu. Að síðustu byggði ríkið á því að skaðabætur sem stefnandi fékk með dómi Mannréttindadómstóls Evrópu hefði falið í sér fullar bætur.

Ragnar benti á það að héraðsdómur hefði hafnað öllum málsástæðum ríkisins og ríkið hefði kosið að áfrýja málinu ekki. Þrátt fyrir þetta byggði ríkið hins vegar nú á sömu eða samsvarandi málsástæðum í málum sem nú væru rekin fyrir dómi sem þegar hefði verið hafnað.

#### Byggja ekki á óframbærilegum málsástæðum

Einar Karl Hallvarðsson tók fram að hann ætlaði ekki að vera með varnarræðu fyrir ríkið heldur skýra stöðu ríkisins. Um embætti ríkislögmanns gildi sérstök lög og starfsfólk embættisins eru seld undir stjórnsýslulög. Hins vegar væru þetta tveir heimar, þ.e. annars vegar stjórnsýsluréttur og hins vegar réttarfarið. Rannsókn mála fer fram áður en ríkinu er stefnt en á ríkinu hvílir rannsóknarskylda. Spurningin væri hvort að réttarfarsreglur þjónuðu ekki sama markmiði og reglur stjórnsýsluréttar en að ganga þyrfti út frá því að dómsmeðferð væri vandaðasta meðferð máls sem völ væri á. Á endanum hljóti hún því að þjóna sama markmiði og stjórnsýslulög.

Einar Karl sagði að embætti ríkislögmanns leiðbeindi þeim sem leituðu til þess, m.a. með því að lesa yfir stefnur með hliðsjón af fyrirsvari og aðild ef óskað væri. Embættið gætti meðalhófs, m.a. með því að fara ekki strangar í sakirnar við rekstur dómsmála heldur en þörf væri á. Málsástæður væri hins vegar ekki hægt að setja fram til hálf. Ekki mætti gleyma því að tungutak fyrir dómstólum væri hvasst og frekar aggressíft þannig að það gæti stuðað ólöglærða.

Embættið leggst ekki gegn frestsbeiðnum og leggur öll gögn fram sem hafa þýðingu í málinu en ekki aðeins þau gögn sem henta málsástæðum embættisins. Reynt er að upplýsa mál eins og kostur er, m.a. með því að benda á ef að gögn skortir af hálfu gagnaðila. Kappkostað er að hafa sömu varnir í viðlíka málum og ekki er byggt á óframbærilegum málsástæðum. Einar Karl sagði að hann þekkti ekki til þess, sem stundum væri haldið fram, að ríkið byggði á slíkum málsástæðum en gagnrýnin væri aldrei studd dæmum. Þegar farið væri fram á frávisun á grundvelli vanreifunar þyrfti að athuga það að aðilum væri lítill greiði gerður að fá efnisdóm á þeim grundvelli að það vantaði gögn eða upplýsingar. Frávisun væri þá illskárri kostur.



Hæstiréttur hefði ekki beinlínis auðveldað álitaefni um aðild og fyrirvar ríkisins með því að setja fram skýrar leiðbeiningar. Það væri rétt að breyta lögum og eyða þessari óvissu. Einari fannst almennt skorta í umræðu um málsvarnir ríkisins að gerður væri greinarmunur á gildandi rétti og því sem við vildum breyta. Aðalatriðið hlyti alltaf að vera að leiða hið rétta fram og fá rétta niðurstöðu fyrir dómi.

### **Sýna nærgætni í öllum samskiptum**

Ebba Schram borgarlögmaður fjallaði um aðild sveitarfélaga að dómsmálum út frá sjónarhorni Reykjavíkurborgar. Hjá embætti borgarlögmanns væri gætt að því að sýna nærgætni í öllum samskiptum við borgarana og að málatilbúnaður borgarinnar og öll framsetning væri sanngjörn. Upplifun aðila kynni hins vegar að vera mismunandi.

Embættið leitast við að upplýsa öll mál. Vinnuregla væri að afla gagna og umsagna um mál innan borgarinnar og lögmenn embættisins tækju afstöðu til þess hvort taka ætti til varna eða leita sátta. Sjálfsagt væri að leiðbeina lögmönnum sem leituðu til embættisins áður en dómsmál væri höfðað.

Ebba lagði áherslu á að þegar fjallað væri um samspil réttarfarsreglna og stjórnsýslureglna, þegar mál færi fyrir dóm, væri hinu eiginlega stjórnsýslumáli lokið. Við meðferð stjórnsýslumála væri því búið að viðhafa allar málsmeðferðarreglur ef rétt hefur verið staðið að málum. Þótt málsforræði og jafnræði aðila giltu í almennum einkamálum færu sveitarfélög þegar með fyrirvar í indispósítívum málum þ.e. lögræðis- og barnaverndarmálum þar sem dómarmar væru ekki bundir af málsforræðisreglu og hefðu sérstaka rannsóknarskyldu. Gera þyrfti hins vegar greinarmun á eiginlegum stjórnsýslumálum, þ.e. þeim sem vörðuðu handhöfn framkvæmdarvalds eða þegar um væri að ræða hagsmuni sem væru einkaréttarlegs eðlis. Þegar um einkaréttarlega hagsmuni væri um að ræða stæðu rök ekki til annars en að þau væri rekin sem almenn einkamál.

### **Dómstólar hafa tilhneigingu til þess að draga taum ríkisins**

Síðastur til að taka til máls var Ástráður Haraldsson sem sagði að á Íslandi hefði þróunin verið sú að mál gegn stjórnvöldum væru höfðuð sem almenn einkamál en ekki rekin fyrir sérstökum stjórnsýsludómstólum. Opinberir aðilar hefðu síðan gert það að sérstakri íþróttagrein að taka til varna sem ríkislögmaður hefði náð mestri færni í. Benti hann á að samanburður á stöðu aðila í dómsmálum væri kátlegur enda augljós munur á efnahagslegri stöðu og aðgengi að sérfræðipækkingu þegar stjórnvöld og borgarar takast á í dómsmáli.

Ástráður lýsti þeirri skoðun sinni að dómstólar hefðu tilhneigingu til þess að draga taum ríkisins í dómsmálum. Hins vegar sé þetta ekki endilega meðvitað heldur treystu dómstólar stjórnsýslunni hvort sem það væri réttmætt eða ekki. Það ætti hins vegar ekki að vera þannig en það væri innbyggður veikleiki að dómstólar væru skipaðir af framkvæmdarvaldinu og háðir stjórnvöldum um aðstöðu og fjárheimildir. Þetta væri hins vegar flókið úrlausnarefni. Málatilbúnaður stjórnvalda hefði borið árangur, annars myndu stjórnvöld ekki haga málflutningi sínum með þeim hætti að litið sé á borgarann sem andstæðing og allt eigi að gera til þess að koma í veg fyrir að kröfur hans næðu fram að ganga. Skýringin væri ekki endilega sú að vegna þess að réttargæslumenn hins opinbera væru svona illa innrættir, þótt það væri nærlæg skýring, heldur ætti þetta sér frekar rót í einhvers konar sölidarískum viðhorfsbresti íslenskra lögfræðinga. Hagsmunir stjórnvalda og borgara ættu ekki að vera öndverðir og markmiðið ætti að vera að komast að réttri niðurstöðu en ekki leita allra leiða til að synja kröfugerð.

Ástráður sagði að um aldamótin síðustu hefðu margir trúað því að endurskoðunarvald dómstóla yrði víðtækara um grundvallarréttindi borgarana, sbr. og dómaframkvæmd Hæstaréttar í grundvallarmálum. Stefnaþreying hafi hins vegar orðið eftir öryrkjadóminn árið 2000, aukin formfesta hefði ríkt í dómsúrlausnum og dómstólar stígi varlegar til jarðar. Pósitíf viðhorf séu ríkjandi við mat á lögmæti stjórnvaldsákvæðana. Ástráði var í fersku minni viðbrögð stjórnvalda eftir öryrkjadóminn, þ.m.t. fordæmalausar skeytasendingar milli forseta Alþingis og Hæstaréttar um túlkun dómsins. Eftir þetta hafi dómaframkvæmd breyst – markalínan hafi færst til - og dómstólar hafi færst undan með réttarfarslegu smásmygli að taka efnislega afstöðu til álitaefna sem fyrir þá hafa verið lögð um grundvallarréttindi. Íslenskir dómstólar séu ekki einir um að verða fyrir afskiptum stjórnmalamanna eða stjórnlyndra valdhafa.

Ástráður sagði að síðustu að ýmsar leiðir væru til þess að breyta stöðunni sem eru góðra gjalda verðar en ekkert muni breytast nema við breytum því hvernig við lítum á ríkið sem aðila að dómsmáli. Ábyrgðin á því hvíli á okkur sameiginlega.

Ari Karlsson



Nokkrir vinningshafa. f.v. Bernhard Nils Bogason, Vala Valtýsdóttir, Jóhannes Albert Sævarsson og Þorbjörn Þórðarson. Hinir voru horfnir á braut að gefa börnum föstudagspizzuna.

# MEISTARAMÓT LMFÍ Í GOLFI 2021

Í byrjun september var haldið meistaramót LMFÍ í golfi í fyrsta skipti í tvö ár. Nú var ryki dustað af kylfum og trjám, tíum og golfskóm er ný golfnefnd tók við skipulagningu, en það eru lögmennirnir Þyrí Steingrímsdóttir og Guðni Áspór Haraldsson.

Alls tóku 26 golfarar þátt í mótinu sem var haldið í fínu veðri á hinum rómaða Urriðavelli sem golfklúbburinn Oddur rekur. Meistari félagsins var sá er sigraði í punktakeppni með forgjöf en samhliða voru veitt verðlaun fyrir höggleik án forgjafar og nándarverðlaun á 8. og 15. holu.

Úrslit voru eftirfarandi:

#### Punktakeppni með fullri forgjöf

1. sæti Jóhannes Albert Sævarsson, meistari LMFÍ 2021  
– 34 punktar
2. sæti Þorbjörn Þórðarson  
– 32 punktar
3. sæti Bernhard Nils Bogason  
– 31 punktar

#### Höggleikur án forgjafar

1. sæti Stefán Þór Eyjólfsson  
– 87 högg
2. sæti Bernhard Nils Bogason  
– 88 högg
3. sæti Jóhannes Karl Sveinsson  
– 89 högg

#### Nándarverðlaun

Jóhannes Albert Sævarsson á 8. holu  
Vala Valtýsdóttir á 15. holu



F.v. Þorbjörn Þórðarson, Bernhard Bogason, Bogi Nilsson og Guðni Haraldsson.



Það var stemning og það var stuð. F.v. Þyri Steingrímsdóttir, Inga Lillý Brynjólfsdóttir, Unnur Hermannsdóttir og Andrea Olsen.



F.v. Birgir Már Björnsson, Jóhannes Bjarni Björnsson, Björgvin Þórðarson og Jón Gunnar Ásbjörnsson.

# ÁMINNING VEGNA UMFJÖLLUNAR UM VIÐKVÆMAR PERSÓNUUPPLÝSINGAR Á OPINBERUM VETTvangi

Þann 30. apríl sl. kvað úrskurðarnefnd lögmanna upp úrskurð í máli nr. 22/2020, þar sem lögmanni var veitt áminning á grundvelli 2. mgr. 27. gr. laga nr. 77/1998, vegna umfjöllunar hans í sjónvarpsviðtali um viðkvæmar persónuupplýsingar.

Málavextir voru í stuttu máli þeir að kærandi hafði staðið í forræðismáli við barnsmóður sína sem hafði sakað hann um að hafa brotið kynferðislega gegn barni þeirra. Með dómi héraðsdóms var öllum ásökunum sem á kæranda voru bornar hafnað og kæranda einum falin forsjá barnsins.

## **Greint frá persónulegum atriðum í sjónvarpsviðtali**

Í kæru sinni til úrskurðarnefndar lýsti kærandi því að barnsmóðir hans hafi rekið málið í fjölmiðlum og hafi m.a. birst frétt um málið í sjónvarpi þar sem lögmaður móðurinnar hafi stigið fram og tjáð sig opinskátt um málið, m.a. um viðkvæm persónuleg málefni kæranda, þrátt fyrir að þinghald hafi verið háð fyrir luktum dyrum. Þá hafi lögmaðurinn í viðtalinu farið með ósannindi þegar hann hafi fullyrt að kæranda hafi einungis verið dæmd forsjá

barnsins vegna tálmunar barnsmóðurinnar á umgengni. Taldi kærandi að lögmaðurinn hafi með þessu gert á hlut sinn með háttsemi sem stríddi gegn ákvæðum 34. og 35. gr. siðareglna lögmanna. Jafnframt hafi lögmaðurinn brotið gegn 2. mgr. 9. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála með því að hafa skýrt opinberlega frá því sem gerst hafi í lokuðu þinghaldi án leyfis dómara. Krafðist kærandi þess að lögmanninum yrði gert að sæta viðeigandi agaviðurlögðum, sbr. 2. mgr. 27. gr. laga um lögmenn.

## Niðurstaða úrskurðarnefndar

Varðandi fyrra atriði kærunnar um að lögmaðurinn hafi ranglega fullyrt í sjónvarpsviðtali að eina ástæða þess að kæranda hefði verið falin forsjá barnsins hafi verið tálmun á umgengni, taldi úrskurðarnefndin að ekki væri hægt að líta framhjá því að niðurstaða héraðsdóms um skipan forsjár laut að miklu leyti að þeirri tálmun sem barnsmóðirin hafði viðhaft. Með hliðsjón af því var ekki talið að umfjöllun lögmannsins varðandi þetta atriði hafi gert á hlut kæranda í skilningi 1. mgr. 27. gr. laga nr. 77/1998.

Varðandi seinna atriði umkvörtunarefnisins, sem laut að upplýsingagjöf lögmannsins um viðkvæm persónuleg einkamálefni kæranda, þá vísaði úrskurðarnefndin til þess að samkvæmt 2. mgr. 9. gr. laga um meðferð einkamála væri með öllu óheimilt að skýra opinberlega frá því sem gerist í lokuðu þinghaldi án leyfis dómara. Benti nefndin á að þrátt fyrir að í einhverjum tilvikum kynni slíkt að vera nauðsynlegt, svo opinber og óheft umræða um dóma gæti farið fram, ætti slíkt ekki við í málinu. Yrði að líta svo á að lögmaðurinn hefði miðlað í sjónvarpsviðtali viðkvæmum persónuupplýsingum í skilningi b. liðar 3. tl. 3. gr. laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, sem varin væru af 71. gr. stjórnarskrárinnar og 8. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu. Í viðtalinu hafi einkamálefni kæranda sérstaklega verið sett í samhengi við samveru hans við barnið og hann þannig gerður tortryggilegur á sama

tíma og fjallað var um málið í fjölmiðlum. Að ofangreindu virtu taldi nefndin háttsemi og framkomu lögmannsins í sjónvarpsviðtalinu ekki í samræmi við 34. gr. siðareglna lögmannna. Var það mat nefndarinnar að umrædd háttsemi hafi verið til þess fallin að valda kæranda hneykslisspjöllum í skilningi 35. gr. siðareglna lögmannna.

Niðurstaða nefndarinnar var því sú að lögmaðurinn hafi með háttsemi sinni brotið gegn ákvæði 2. mgr. 9. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, 1. mgr. 11. gr. laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, sbr. b. lið 3. tl. 3. gr. sömu laga og 34. og 35. gr. siðareglna lögmannna. Var háttsemin talin svo ámælisverð að ekki yrði hjá því komist að veita lögmanninum áminningu samkvæmt 2. mgr. 27. gr. laga nr. 77/1998.

[Anna Lilja Hallgrímsdóttir](#)

## *Lúðvík Emil Kaaber*

*Lögfræðingur og löggiltur skjalaþýðandi í íslensku og ensku*

*Klukkulandi, 471 Þingeyri*

*Löng reynsla af þýðingum á réttarskjöllum, samningum og greinargerðum fyrir lögmennt, fyrirtæki og opinberar stofnanir. Lögfræðimenntun og reynsla af lögmannstörfum.*

*Símar 553 3389 og 861 8304. Netfang: lucius@simnet.is*



HRAFNHILDUR STEFÁNSDÓTTIR ER FÆDD 18. NÓVEMBER 1946. HÚN LAUK CAND. JURIS PRÓFI FRÁ HÁSKÓLA ÍSLANDS ÁRIÐ 1974 OG STUNDAÐI NÁM Í VINNURÉTTI Í SVÍÐJÓÐ 1983-1987. HRAFNHILDUR VARÐ HÉRAÐSDÓMSLÖGMAÐUR 1992 OG HÆSTARÉTTARLÖGMAÐUR 2001. HRAFNHILDUR VAR RITSTJÓRI LÖGMANNABLAÐSINS 2006-2008.

# MIKIL TARNAVINNA AÐ VERA Í KJARAVIÐRÆÐUM

Hrafnhildur hóf störf hjá Vinnuveitendasambandi Íslands árið 1987 sem varð að Samtökum atvinnulífsins árið 1999 eftir samruna við Vinnumálasambandið. Hún var yfirlögfræðingur SA frá árinu 2001 til starfsloka. Hún sat í fjölda stjórna og nefnda á vegum SA, m.a. í jafnréttisráði, stjórn Ábyrgðasjóðs launa, stjórn Háskólans á Bifröst og var aðalmaður SA á þingum ILO - Alþjóðavinnuá- stofnunarinnar. Hrafnhildur kom að stofnun Vinnuréttarfélags Íslands árið 2001 og sat frá upphafi í stjórn félagsins. Hún gegndi einnig trúnaðarstörfum fyrir Sjálfstæðisflokkinn.

*Hvers vegna fórst þú að læra lögfræði?*

Ég byrjaði í kennaranámi og tók kennarapróf frá K.Í. árið 1967. Ég kunní ekki við mig í því, fór í lögfræði og fann mig strax í henni. Þegar ég var nýbyrjuð í lagadeild þá fór ég á Rótarýfund með föður mínum. Maður sem sat við borðið spurði hvað ég væri að gera og þegar ég sagði honum það þá spurði hann: „Hvað ætlar þú að gera með það, vina mín?“ Ég náði ekki að svara því pabbi var fljótari

til: „Hún ætlar bara að sjá fyrir sér“, sagði hann. Þetta var viðhorfið á þessum tíma.

*Hvað kom til að þú sérhæfir þig í vinnurétti?*

Fyrst eftir útskrift frá H.Í. starfaði ég sem fulltrúi í menntamálaráðuneytinu en árið 1976 fluttum við til Västerås í Svíþjóð þar sem eiginmaður minn, Hjalti Á. Björnsson, stundaði sérnám í bæklunarlækningum. Ég var til að byrja

með heima með börnin tvö, sem eru fædd árið 1970 og 1975, en fékk svo vinnu við mannauðsdeild bæjarfélagsins, meðal annars við starfsmannaráðningar. Í kjölfarið fékk ég áhuga á vinnurétti svo það lá beint við að sérhæfa sig í honum. Við fluttum síðar til Lundar og þar stundaði ég framhaldsnám í vinnurétti.

#### *Hvenær fórst þú að starfa hjá SA?*

Fljótlega eftir að við fluttum heim og ég lauk framhaldsnámi mínu hafði ég samband við Vinnuveitendasamband Íslands og var ráðin sem lögfræðingur hjá þeim. Síðar var mér sagt að þeir hefðu velt fyrir sér hvort konur gætu sinnt kjaraviðræðum en á þessum tíma fylgdu þeim oft mikil átök. Kjaraviðræðurnar stóðu oft langt fram eftir nóttu þar sem samningsaðilar voru hafðir í hálfgerðri einangrun en það gat tekið fleiri daga að ná saman samningshópnum ef hann fór heim. Einu sinni ætluðu viðsemjendur okkar að ganga út en þá stóð kona hjá ríkissáttasemjara í dyrunum og meinaði þeim útgöngu.

Ég fór strax að vinna við kjarasamninga og var fyrsta konan vinnuveitenda megin sem tók beinan þátt í kjaraviðræðum. Til dæmis sá ég alltaf um að semja við flugfreyjur, sem þótti henta vel því ég hafði unnið með námi sem flugfreyja. Það var oft mikil tarnavinna að vera í kjaraviðræðum.

Milli kjaraviðræðna fór mestur tíminn í lögfræðiráðgjöf við aðildarfyrirtæki SA, ýmsa nefndarvinnu og kennslu í

vinnurétti, m.a. við HÍ. Eftir gildistöku EES-samningsins þurfti að innleiða mikið af Evrópureglum á sviði vinnuréttar, annað hvort með lagabreytingum eða með samningum SA og ASÍ og tók ég virkan þátt í því.

Svo sinnti ég einnig alþjóðlegu samstarfi, var árum saman aðalmaður SA á þingum ILO í Genf, var í nefndum Business Europe, evrópusamtaka atvinnurekenda, og í norrænu samstarfi atvinnurekendasamtaka. Þetta var mjög gefandi og skemmtilegt. Ég var líka í málflutningi fyrir aðildarfyrirtæki SA, bæði héraðsdómi og Hæstarétti og flutti um 40 mál fyrir Hæstarétti. Mest flutti ég þó mál fyrir Félagsdómi.


#### *Manstu eftir einhverjum sérstaklega erfiðum samningaviðræðum?*

Allar kjaraviðræður eru erfiðar enda tekist á og vinnudagar langir. Ég bar m.a. ábyrgð á kjarasamningum olíufélaganna og Icelandair þar sem oft kom til verkfallsátaka. Deilt var m.a. um hverjir mættu vinna í verkfalli og langt gengið í verkfallsvörslu af hálfu stéttarfélaganna.

Ég vann alla tíð hjá VSÍ/SA uns ég hætti störfum í árslok 2019. Það var ljúft að vinna hjá SA og ég hef alltaf verið heppin með samstarfsfólk.

Eyrún Ingaóttir

# PRENTUN

**Litla**  **prent**

Umhverfisvæn og svansvottuð prentsmiðja - [www.litlaprent.is](http://www.litlaprent.is)



FORVINNSLA



PRENTUN



FRÁGANGUR





Hópur LMFÍ á Grænahrygg. Leiðsögumaður var Helgi Jóhannesson.

# GERSEMARNAR GRÆNIHRYGGUR

Gönguferð félagsdeildar LMFÍ var að þessu sinni farin á Grænahrygg að Fjallabaki, þann 12. ágúst síðastliðinn sem segja má að sé samfélagsmiðlastjarna ársins. Þangað langar alla að fara og þjóð skiptist í tvennt; þá sem hafa farið og hina sem eiga það eftir.

Þegar 23 manna gönguhópur kom saman snemma að laugardagsmorgni í Hálandsmiðstöðinni að Hrauneyjum var veður þungbúið og þoka niður í miðjar fjallshlíðar. Hvað var að gerast? Spáin var með besta móti ... veðurfræðingar ljúga ... hann rífur af sér var muldrað í hálfum hljóðum. Hingað vorum við komin svo ekki þýddi að malda í móinn. Hópurinn skipti sér niður í bíla og hélt sem leið liggur inn á Friðlandið fagra að Fjallabaki. Eftir klukkustundar akstur eftir seinförnum fjallavegum var bílunum lagt við Kirkjufell við Kýlingavatn. Þar var hálf þjóðin að búa sig til ferðar á sömu slóðir. Við svo „mainstream.“

Leiðsögumaður var Helgi Jóhannesson lögmaður sem hélt stutta hvatningarræðu í upphafi þegar göngufólk lagði af stað eftir Halldórsgili en veður var enn þungbúið og okkur hrollkalt. Nokkrum dögum áður hafði leiðin verið stikuð en auðvelt var að fylgja henni eftir vel troðnum göngustíg sem þjóðin hafði fetað þetta sumarið. Smám saman fór að birta til og þegar komið var upp úr gilinu, upp á fjall, blasti við tilkomumikið útsýni yfir Jökulgilið. Í stuttri pásu notuðu flestir tækifærið til að léttu á yfirhöfnum og ullarpeysum enda hafði þá talsvert hlýnað í veðri eins og þeir bjartsýnustu höfðu reyndar spáð. Þaðan var síðan

gengið sem leið liggur niður bratta hlíð í Jökulgilið alla leið að Jökulgilskvíslinni sem þræðir botninn.

Við árbakkann fóru gönguglaðir úr gönguskóm og klæddust uppfærðum vaðskóm, strigaskóm sem hægt var að ganga í eftir líbarítlögðum árbotni, en það er nauðsynlegur fótábúnaður yfir Jökulgilskvísl. Margir supu hveljur þegar þeir óðu út í ískalda ána sem náði langt upp á læri. Áin er straumpung og þurfti að hafa sig allan við að missa ekki jafnvægið. Þar sem Jökulgilskvíslin hlykkjast fram og aftur eftir gilinu endilöngu þurfti að vaða hana að nýju, svo aftur og aftur.

Grænihryggur er náttúruundur sem ekki verður með orðum lýst. Samkvæmt Vísindavefnum stafar græni liturinn í líparitberginu af svokölluðu gler-túffi, sem eru glerkristallar frá þeim tíma þegar eldvirkni var enn á Torfajökulsvæðinu. Burtséð frá efnafræði bergsins er græni liturinn á hryggnum svo frábrugðinn öðru líparitbergi í umhverfinu að maður fær á tilfinninguna að hryggurinn sé lifandi skepna úr fyrndinni sem er að hvílast um stund milli fjalla en muni innan tíðar rumska og gera vart við sig.

Ekki má ganga á sjálfan Grænahrygg en við gengum upp til hliðar við hann og þar á hæðinni sást yfir alla Torfajökulsvæðina sem ekki er síður yfirþyrmandi ótrúlega magnað náttúrufyrirbæri (sem orð fá vart lýst). Skyggni var með eindæmum gott og líparitlitirnir í landslaginu skörtuðu sínu fegursta í sólinni. Símararnir voru því á lofti því myndefnið var bæði magnað og óþrjótandi.

Gönguhópurinn dvaldi í góða stund við hrygginn og naut þess að fá sér hressingu og hvílast, hugsa um þvílík dásemd það væri að geta gengið á tveimur jafnfljótum og upplifað litafegurð Fjallabaks. Töluvert var um ferðamenn á svæðinu en gönguhópur á vegum Ferðafélags barnanna vakti athygli fyrir hressleika og skemmtilegheit.



Mæðgur arka yfir Jökulgilskvíslina án þess að hika. F.v. Ólöf Kristín Ólafsdóttir og Auður Björg Jónsdóttir.

Haldið var til baka sömu leið og við komum þar sem gönguskórnir biðu, þurrir og tilbúnir til uppgöngu.

Gangan var að öllu leyti frábærlega vel heppnuð. Veðurguðirnir voru eftir allt saman með okkur í liði og einstakt tækifæri að njóta fegurðar landslagsins að Fjallabaki við allra bestu skilyrði. Tvímælalaust einn af hápunktum sumarsins.

Margrét Gunnlaugsdóttir og Eyrún Ingadóttir  
Ljósmyndir: Helgi Jóhannesson

juris



Mörkin lögmannsstofa hf.  
Suðurlandsbraut 4, 3. hæð, 108 Reykjavík  
Sími 414 4100 · [www.law.is](http://www.law.is)



Göngumenn tóku höndum saman og mynduðu keðju þegar áin var þveruð og ekki veitti af í straumþungri Jökulsgilskvíslinni. Eftir því sem lengra leið á gönguna dofnaði tilfinning í tánum sem og tilfinning fyrir tíma og rúmi því þegar búið var að þvera ána í tíunda skipti var stutt ganga eftir upp að Grænahrygg. F.v. Jóhannes Sigurðsson, Haukur Pálmason, Kristín Haraldsdóttir og Heiðrún Emilía Jónsdóttir.



Kaffitíminn er uppáhald gönguglaðra sem draga upp úr pússi sínu nesti sem er útbúið af ást.

# Námskeið LMFÍ

## haustönn 2021

Ný lög um viðskiptaleyndarmál - 7. okt.

Hluthafasamningar - 12. okt.

Flugréttur - rekstrarleigusamningar um loftför - 19. okt.

Réttarstaða við slit á óvígðri sambúð - 21. okt.

Frestur er á illu bestur - 26. okt.

Grennd – ólögfestar reglur íslensks réttar um grennd - 28. okt.

Hagnýt fjármál fyrirtækja - 4. og 11. nóv.

Eignanám frá A til Ö - 8. og 12. nóv.

Tjón á farmi í sjóflutningum og skaðabóta-ábyrgð farmflytjanda - 9. nóv.

Peningaþvætti og lögmenn - 16. nóv.

Auðlindanýting samkvæmt auðlindalögum - 18. nóv.

Gátlisti skiptastjóra - 23. nóv.

Tryggingarráðstafanir - 25. nóv.